

Ár 2015, mánudaginn 6. júlí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör skólameistara framhaldsskóla

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Skólameistarar framhaldsskóla eru á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða skólameisturum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 15. september 2014 frá stjórn Skólameistarafélags Íslands. Með bréfinu er farið fram á að laun skólameistara framhaldsskóla verði endurskoðuð í ljósi kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Kennarasambands Íslands (KÍ) dagsettum 4. apríl 2014. Samkvæmt áðurgreindum samningi muni laun stjórnenda í framhaldsskólum (aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og annarra stjórnenda í KÍ með meira en 50% starfshlutfall) hækka um 29,30% á samningstímanum ef allt gangi eftir. Fram kemur að í sérstöku samkomulagi um tiltekin kjör almennra stjórnenda í framhaldsskólum sé skýrt kveðið á um að þeir hafi 80 klukkustundir á ári til umráða í endurmenntun. Geti þeir ekki nýtt þennan tíma í því skyni fái þeir hann greiddan sem yfirvinnu. Skólameistarar hafi ekki skilgreindan endurmenntunartíma og eigi þess ekki kost að auka laun sín með yfirvinnu nema í undantekningartilvikum. Kjarabætur kennara og stjórnenda séu réttlættar með því að um sé að ræða verulegar breytingar á innra starfi framhaldsskóla, aukið álag og fjölgun starfsdaga á skólaári um fimm. Segir jafnframt í bréfinu að skólameistarar muni bera hitann og þungann af þessum breytingum og muni þeir einnig finna verulega fyrir fjölgun kennsludaga og auknum þunga á leiðtogahlutverk sitt. Þá segir í bréfinu að með bættum kjörum aðstoðarstjórnenda og staðgengla skólameistara hafi aukið vinnuálag og ábyrgð við skólastjórnun verið viðurkennt og undirstrikað. Nauðsynlegt sé að skólameistarar fái leiðréttingu launa svo launabil milli þeirra og staðgengla þeirra sé í samræmi við ábyrgð og skyldur. Störf skólameistara og staðgengla þeirra séu stjórnunarlegs eðlis en skólameistarinn beri alla ábyrgðina, fjárhagslega og faglega. Jafnframt sé ljóst að skólastjórar grunnskóla hafi verið komnir mjög nálægt skólameisturum framhaldsskóla í meðallaunum og í sumum sveitarfélögum hafi þeir verið herra launaðir á síðasta ári. Nýr kjarasamningur hafi fært þeim umtalsverðar hækkanir. Að endingu segir í bréfinu að skólameistarar framhaldsskóla telji sig ekki launaða í samræmi við ábyrgð, vinnuálag og vinnuframlag. Fjölmargir þættir hafi á undanförunum árum bæst við starfsskyldur þeirra án þess að það hafi verið metið til launa eins og rakið hafi verið í erindum og samtölum við kjararáð. Lýsir stjórnin sig reiðubúna til umræðna og frekari upplýsingagjafar.

Með bréfum dagsettum 23. september 2014 var mennta- og menningarmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var öllum skólameisturum framhaldsskóla með bréfum dagsettum sama dag gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 6. október 2014. Í bréfinu eru staðfestar þær upplýsingar um launahækkanir til félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara og Félagi stjórnenda sem nefndar eru í erindi skólameistara og felast í nýgerðum kjarasamningi. Fram kemur í bréfi ráðuneytisins að hækkanir til kennara og

aðstoðarstjórnenda séu að hluta til vegna viðamikilla breytinga á starfi framhaldsskólanna, meðal annars í tengslum við upptöku nýrrar námskrár. Þær kerfisbreytingar sem um sé að ræða og hafi verið forsenda fyrir launahækkunum í samningnum snerti ekki síður störf skólameistara enda á þeirra ábyrgð að framkvæma þær. Því megi segja að stjórnun skóla við þessar aðstæður sé vandasamari en ella. Í bréfinu segir einnig að í fyrrnefndum kjarasamningi sé ákvæði um nýtt vinnumat kennara sem miði að því að skilgreina þann hluta kennarastarfsins sem snúi að kennslunni og öllu sem henni tengist, svo sem undirbúningi, námsmati og verkefnagerð. Þetta hafi ekki verið gert áður með markvissum hætti og sé skýringin sú að námseiningar nemenda séu í eldri námskrá beintengdar við kennslustundir kennara. Sú tenging sé ekki fyrir hendi í nýrri námskrá og því þurfi að búa til ný viðmið. Vinna við það sé unnin sameiginlega af fulltrúum kennara, skólameistara og ráðuneyta fjármála og menntamála. Vinnuatið fari þó að hluta fram í hverjum skóla og þar sé ábyrgðin alfarið á höndum skólameistara á sama hátt og hann beri ábyrgð á skólanámskrá og því að kennslumagn sé í samræmi við fjárlög hverju sinni. Telur ráðuneytið að hér sé um að ræða vandasamt verk og um leið viðbótarþátt í starfi skólameistara.

Í bréfi sínu fellst mennta- og menningarmálaráðuneytið á þau rök skólameistara að kjarasamningur KÍ við fjármálaráðherra raski verulega því eðlilega launabili sem vera þurfi á milli aðstoðarstjórnenda í skólum og skólameistara. Ef ekki sé brugðist við gæti hvati til að sækjast eftir stöðu skólameistara farið minnkandi þar sem launabilið endurspegli ekki þá ábyrgð sem skólameistarar beri umfram aðstoðar- og millistjórnendur. Að öllu samanlögðu telji ráðuneytið að kjararáð þurfi að bregðast við stöðunni með afgerandi hætti svo starf skólameistara verði réttilega metið með tilliti til aukins umfangs og að samræmis sé gætt í launabili yfirstjórnenda og millistjórnenda. Þessu til viðbótar lýsir ráðuneytið vilja til að endurskoða með kjararáði stigamat það sem lagt sé til grundvallar við röðun skólameistara í launaflokka, ekki síst með tilliti til þeirra breytinga á skólastarfi sem lýst hafi verið hér að framan.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 3. október 2014. Í bréfinu er vísað til laga um kjararáð en ekki tekin afstaða til erindisins.

Kjararáði bárust bréf frá flestum skólameisturum í október 2014. Í bréfunum er tekið undir sjónarmið um endurskoðun launakjara skólameistara. Ljóst sé að millistjórnendur og kennarar hafi fengið verulegar launahækkanir með síðustu kjarasamningum. Það leiði til þess að sumir undirmenn séu hærra launaðir en skólameistarar. Þar að auki fái kennarar og millistjórnendur greidda yfirvinnu en skólameistari ekki. Í bréfum skólameistaranna kemur fram að álag hafi aukist í starfi þeirra. Megi í því sambandi nefna auknar kröfur um samskipti við forráðamenn nemenda, innleiðingu nýs vinnumats kennara og mikla fjölgun nemenda með sérþarfir. Síðast en ekki síst megi nefna gerð nýrrar námskrár og styttingu náms í framhaldsskólum í þrjú ár í stað fjögurra áður. Þá séu sífellt meiri kröfur gerðar til margs konar skýrslu- og áætlanagerðar í skólunum. Einnig kemur fram að mörg verkefni hafi verið flutt til framhaldsskólanna sem áður hafi verið sinnt í ráðuneytinu. Megi þar nefna launabókhald, starfsmannahald og fjárhagsbókhald. Þá hafi viðvarandi niðurskurður á fjárlögum síðustu ára meðal annars leitt til fækkunar millistjórnenda í skólunum sem leiði til aukins álags á skólameistara. Fram kemur að rekstur skólanna sé flóknari en áður. Í því sambandi er meðal annars nefnt að hluti nemenda sé ólöggráða og hluti lögráða. Einnig er nefnd ábyrgð vegna reksturs heimavista við skólana.

Með bréfum dagsettum 22. október 2014 fékk stjórn Skólameistarafélags Íslands og hver og einn skólameistari send bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi stjórnar Skólameistarafélags Íslands dagsettu 4. nóvember 2014 er tekið undir rök og skýringar mennta- og menningarmálaráðuneytisins í öllum atriðum. Aftur á móti treysti félagið sér ekki til þess að hafa skoðun á bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og telur ráðuneytið ekki svara því erindi sem til þess hafi verið beint.

Stjórn Skólameistarafélags Íslands kom á fund með kjararáði 24. febrúar 2015 og gerði nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum. Fulltrúar stjórnarinnar funduðu einnig með kjararáði 15. júní 2015 og ítrekuðu sjónarmið sín.

III.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 taka til skólastarfs á framhaldsskólastigi. Nám á framhaldsskólastigi er skipulagt sem framhald af námi á grunnskólastigi. Það miðar að lokaprófi, svo sem framhaldsskólaprófi, starfsréttindaprófi, stúdentsprófi eða öðrum skilgreindum námslokum sem geta miðast við tiltekin störf og veitt sérstök réttindi þeim tengd. Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund þeirra, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi, þjálf þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun. Á framhaldsskólastigi skal veita nemendum með fötlun, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, og nemendum með tilfinningalega eða félagslega örðugleika kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og viðeigandi aðbúnaður eftir því sem þörf krefur. Nemendur með fötlun skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er. Ráðherra getur í samningi við framhaldsskóla heimilað rekstur sérstakra námsbrauta við framhaldsskóla fyrir nemendur með fötlun. Nemendur með leshömlun skulu eiga aðgang að sérsniðunum námsgögnum eftir því sem við verður komið. Framhaldsskóli gerir grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun og greiningu leshömlunar, ásamt eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun. Framhaldsskólar skulu leitast við að veita þeim nemendum sérstakan stuðning sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða eða veikindi. Ráðherra getur sett reglugerð með nánari ákvæðum um réttindi, kennslu og nám í framhaldsskólum. Einnig skal í reglugerð kveðið á um rétt heyrnarskertra eða heyrnarlausra nemenda til sérstakrar kennslu í íslensku ritmáli.

Í áður nefndum lögum kemur fram að ráðherra skipar fimm manna skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Skólameistari situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar. Hlutverk skólanefndar er meðal annars að vera skólameistara til samráðs um ýmsa þætti í starfsemi framhaldsskólans, auk þess að marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu, félags- og menningarlíf. Þá segir í lögnum að jafnframt skuli vera starfandi skólaráð, skólameisturum til samráðs og aðstoðar. Skólameistari er oddviti skólaráðs, sem auk hans skal skipað staðgengli hans og fulltrúum kennara og nemenda.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar skólameistara í framhaldsskólum til fimm ára í senn. Skólanefnd veitir umsögn um umsækjendur um starf skólameistara. Kennari sem skipaður er skólameistari skal fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma sem hann gegnir embætti skólameistara. Skólameistari veitir framhaldsskóla forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og

umbótastarfi innan skólans. Skólameistari ræður stjórnendur, kennara og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd. Ráðherra er heimilt að fela skólameistara forstöðu í fleiri en einum framhaldsskóla. Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari, kennari eða náms- og starfsráðgjafi við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þar segir að við ráðningu í stjórnunarstörf við framhaldsskóla skuli umsækjandi hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi. Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við framhaldsskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólameistara til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Í lögum um framhaldsskóla er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum framhaldsskóla. Markmið mats og eftirlits er að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda. Markmiðið er einnig að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla, að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum auk þess að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Þá skal mennta- og menningarmálaráðuneytið annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í framhaldsskólum og er það liður í reglubundnu ytra mati á gæðum skólastarfs ásamt úttektum, könnunum og rannsóknum.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun skólameistara framhaldsskóla en kjaranefnd ákvað þeim laun 11. október 2005. Frá þeim tíma hafa laun þeirra tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Laun skólameistara hafa miðast við stigafjölda hvers skóla og hafa stigin verið reiknuð í samræmi við áður nefnda ákvörðun kjaranefndar.

Starfsumhverfi framhaldsskólanna hefur tekið miklum breytingum, meðal annars vegna nýrra námskráa, vinnumats kennara og vegna þess hve nemendahópur framhaldsskólanna er fjölbreyttur. Framhaldsskólunum hafa verið falin mörg ný verkefni sem áður voru á hendi ráðuneytisins. Má þar nefna launa- og fjárhagsbókhald og starfsmannahald. Einnig eru auknar kröfur gerðar til skólanna um innra mat og gæðastjórnun. Með tilliti til þessara breytinga og auknu verkefna hefur kjararáð ákveðið að breyta launum skólameistara, þó þannig að gætt sé að því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er rakið.

Komið hefur fram að áður nefnt stigakerfi sem legið hefur til grundvallar við ákvörðun launa skólameistara þarfnast endurskoðunar vegna hinna umfangsmiklu breytinga á starfsemi

skólanna sem áður er getið. Kjararáð hefur ákveðið að þar til þeirri endurskoðun er lokið skuli núverandi stigakerfi lagt til grundvallar við ákvörðun launa skólameistara.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör skólameistara framhaldsskóla skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

1.

Skólameisturum skulu greidd laun miðað við stigafjölda hvers skóla og reiknast stigin þannig:

- hver ársnemandi í dagskóla, fjarnámi og/eða öldungadeild á bóknámsbraut til stúdentsprófs og á almennri braut jafngildir einu stigi
- hver ársnemandi í dagskóla, fjarnámi og/eða öldungadeild á verk- eða starfsnámsbraut jafngildir 1,75 stigum
- skóli fær 200 stig fyrir fleiri en 100 nemendur í heimavist en 100 stig fyrir 100 nemendur eða færri í heimavist
- skóli fær 200 stig fyrir fleiri en 100 nemendur á almennri braut en 100 stig fyrir 100 nemendur eða færri á almennri braut
- skóli fær 200 stig fyrir alþjóðlega braut
- skóli fær 50 stig fyrir alla nemendur á starfsbrautum fyrir sérdeildir fatlaðra
- skóli fær 50 stig fyrir ábyrgð/rekstur á framhaldsdeild eða mikilli þjónustu fjarri skóla

Stigafjöldi byggist á upplýsingum framhaldsskóladeildar mennta- og menningarmálaráðuneytisins um fjölda ársnemenda og hlutfall bóknáms og eru þessar upplýsingar birtar með frumvarpi til fjárlaga ár hvert. Framhaldsskóladeild mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur umsjón með samantekt stiga samkvæmt framangreindu kerfi.

Breytingar á launum sem leiða af breytingum á stigafjölda skulu taka gildi 1. ágúst ár hvert.

2.

Frá og með 1. ágúst 2014 skal greiða skólameisturum framhaldsskóla mánaðarlaun og einingar fyrir alla yfirvinnu sem starfinu fylgir sem hér segir:

<u>stig</u>	<u>launaflokkur</u>	<u>mánaðarlaun</u>	<u>einingar</u>
færri en 250	502-133	739.553 kr.	6
250-399	502-134	764.615 kr.	10
400-499	502-134	764.615 kr.	12
500-649	502-134	764.615 kr.	21
650-799	502-135	790.553 kr.	23
800-999	502-136	817.398 kr.	23
1000-1249	502-136	817.398 kr.	30
1250-1499	502-136	817.398 kr.	32
1500-1999	502-137	845.184 kr.	32
2000-2499	502-137	845.184 kr.	34
2500 eða fleiri	502-137	845.184 kr.	36

Heimilt er að greiða skólameistara fyrir kennslu, allt að 12 kennslustundum á mánuði. Áður en til slíkrar greiðslu kemur skal hann þó hafa kennt 4 stundir á mánuði án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Kennsla skólameistara skal greidd með 1,2 klukkustundum í yfirvinnu samkvæmt launaflokki 124 í launatöflu kjararáðs nr. 502. Mánaðarlaun samkvæmt þeim launaflokki eru nú 548.900 krónur.

Eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 7.153 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör skólameistara framhaldsskóla gilda reglur kjararáðs frá 30. júní 2014.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber